

Alþingi
b.t Rögnu Árnadóttur
v/ Austurvöll
101 Reykjavík

sent í netfang: sigrunhelga@althingi.is

Reykjavík, 29. október 2021

Efni: Svar við bréfi um utankjörfundaratkvæði er ekki voru tekin til greina

Vísað er til bréfs þíns til yfirkjörstjórnar, dags. 25. október sl. þar sem óskað er upplýsinga um fjölda utankjörfundaratkvæða sem ekki hafi verið tekin til greina, aðgreint eftir ástæðum er að baki lágu. Í bréfinu er getið um bókun umboðsmanns J lista Sósíalistasflokks Íslands sem gerð hafi verið á úthlutunarfundi landskjörstjórnar þann 1. október sl. Þess efnis að við yfirferð utankjörfundaratkvæða á talningarstað hafi stór bunki þeirra verið metinn ógildur þar sem vantað hafi undirskrift kjörstjóra.

Hvað varðar þau utankjörfundaratkvæðisbréf sem ekki voru tekin til greina í alþingiskosningum 25. september sl. skiptast þau svo:

- Nafn kjósenda skrifað á innra umslag: 1 atkvæði
- Innra umslag opið: 2 atkvæði
- Dagsett fyrir upphaf utankjörfundaratkvæðagreiðslu: 1 atkvæði
- Undirskrift kjósenda vantar: 8 atkvæði
- Undirskrift kjörstjóra vantar: 2 atkvæði
- Undirskrift og stimpil kjörstjóra vantar: 1 atkvæði

Samtals: 15 atkvæðisbréf.

Tekið er fram að við vinnslu svarbréfs þessa hefur yfirkjörstjórn staðreynt að villa var í fundargerð nefndarinnar frá kjördegi þar sem fjöldi atkvæðisbréfa er tekin voru til greina af yfirkjörstjórn og fjöldi þeirra er ekki voru tekin til greina hafði víxlast. Hið rétta er að 42 atkvæðisbréf voru tekin til greina en 15 atkvæðisbréf voru ekki tekin til greina. Hefur fundargerðin verið leiðrétt, sjá ljósrit af bls. 65 úr fundargerðarbók. Verður leiðréttingin jafnframt send dómsmálaráðuneyti.

Svör við þremur spurningum er bornar eru fram í bréfinu fara hér á eftir:

- a. Hvort ytri umslög utankjörfundaratkvæða hafi verið opnuð áður en þau bárust til kjördeilda? Ef svo, hvar?**

Nei. Ytra umslag atkvæðisbréfa var ekki opnað fyrr en í meðferð undirkjörstjórna á kjörfundi.

- b. Hvort umboðsmönnum hafi verið boðið að vera viðstaddir flokkun utankjörfundaratkvæða í kjördeildir og úrskurð um ógild eða tæk utankjörfundaratkvæði, sbr. 91. gr. laga nr. 24/2000?**

Umboðsmönnum var boðið á fund miðvikudaginn 22. september þar sem kom meðal annars fram að á næstu hæð fyrir ofan færi fram flokkun atkvæðisbréfa sem þeim væri velkomið að kynna sér. Umboðsmönnum var ekki boðið sérstaklega að vera viðstaddir þegar undirkjörstjórnir í hverri hinna 95 kjördeilda í Reykjavík fóru yfir fylgibréf atkvæðisbréfa enda er það vinna sem fer fram jafnt og þétt yfir allan kjördag. Þegar þær sendingar sem leikur vafi um gildi á koma til úrskurðar yfirkjörstjórnar eru umboðsmenn viðstaddir og bókað er sérstaklega um allan þann ágreining sem þeir gera og ástæður hans, sjá fundargerð. Er jafnframt vísað til lýsingar á samskiptum við umboðsmenn varðandi þetta sem er að finna í greinargerð yfirkjörstjórnar til landskjörstjórnar, dags. 27. september sl.

- c. Hvort utankjörfundaratkvæðaseðlar hafi verið fluttir til kjördeilda í óinnsigliðum kössum? Ef svo, hvar?**

Atkvæðisbréf eru flutt frá kjörstjóra Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu til yfirkjörstjórnar í innsigliðum kjörkössum. Fjöldi atkvæðisbréfa berst yfirkjörstjórn á annan máta, t.d. með pósti eða hraðsendingarfyrirtækjum. Eftir að yfirkjörstjórnir hafa veitt þeim móttöku eru þau ekki flutt í innsigliðum kössum heldur afhent hverfiskjörstjórnnum að morgni kjördags með öðrum kjörgögnum og svo eftir atvikum eftir því sem þau berast á kjördag, enda eru þau ávallt í vörslu kjörstjórnar. Eins berst fjöldi atkvæðisbréfa beint í kjördeildir frá kjósendum sjálfum eða einhverjum þeim tengdum. Ekki verður séð að rök eða lagaskylda hnígi að því að innsigla þessar sendingar þegar flutningur á sér stað á vegum kjörstjórnar.

Vegna tilvísunar til þess viðhorfs kjörbréfanefndar, sem yfirkjörstjórn tekur heilshugar undir, að leggja áherslu á að tryggja sem best að kjörstjórar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, einkum erlendis, hafi hlotið til þess næga þjálfun, skal eftirfarandi nefnt:

Yfirkjörstjórnir í Reykjavík og starfsfólk þeirra hafa markvisst unnið að því að fækka þeim atkvæðisbréfum sem koma til úrskurðar hjá yfirkjörstjórnnum vegna ágalla, hvort sem það eru gallar á fylgiseðlum eða hvernig búið er um atkvæðisumslag.

Í þeim tilgangi hefur m.a. verið óskað eftir rithandarsýnishornum kjörstjóra frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, sem og frá kjörstjórum erlendis, í samstarfi við utanríkisráðuneytið, sem nýtist svo við að meta hvort undirritanir kjörstjóra séu gildar.

Starfsfólk yfirkjörstjórna í Reykjavík átti einnig fyrir nýafstaðnar kosningar, eða þann 31. ágúst, samráðsfund með fulltrúum utanríkisráðuneytisins þar sem farið var yfir leiðbeiningar til erlendra kjörstjóra, en það hefur sýnt sig að nokkur hluti þeirra atkvæðisbréfa sem berast gölluð til yfirkjörstjórna koma erlendis frá.

Hér má sjá hlutfall þeirra atkvæðisbréfa sem metin voru ógild í báðum kjördæmum í Reykjavík við alþingiskosningar 2016, 2017 og 2021:

Alþingiskosningar - atkvæðisbréf þar sem úrskurðað var um galla á atkvæðisbréfum 2016-2021					
Kjördæmi	Ár	Úrskurðað um	Metin gild	Metin ógild	Hlutfall ógildra
Reykjavíkurkjördæmi norður	2016	63	47	16	25,4%
Reykjavíkurkjördæmi suður	2016	67	46	21	31,3%
Reykjavíkurkjördæmi norður	2017	68	47	21	30,9%
Reykjavíkurkjördæmi suður	2017	54	26	28	51,9%
Reykjavíkurkjördæmi norður	2021	58	42	15	25,9%
Reykjavíkurkjördæmi suður	2021	90	60	30	33,3%

Í báðum Reykjavíkurkjördæmum er það verklag viðhaft að í stað þess að ágreining þurfi innan undirkjörstjórnar til að senda atkvæðisbréf til yfirkjörstjórnar til úrskurðar eru öll þau atkvæðisbréf sem bera með sér galla send yfirkjörstjórn að kjörfundi loknum. Er það m.a. gert vegna þess að ef svo væri ekki, væri aðkoma umboðsmanna að skoðun atkvæðisbréfa litið sem engin, þar sem þeir eru ekki við stöðugt eftirlit á öllum kjörstöðum í Reykjavík. Kjördeildir í báðum Reykjavíkurkjördæmum voru 95 við nýafstaðnar kosningar en umsýsla með atkvæðisbréf (mat á því hvort atkvæðisbréfið er tekið til greina) er vinna sem fram fer jafnt og þétt yfir allan þann tíma sem kjörfundur stendur í öllum kjördeildum. Þá hefur yfirkjörstjórn talið það auka samræmi í framkvæmd að öll atkvæðisbréf er vafi leikur á um í þessu tilliti komi til úrskurðar hjá henni í stað þess að hverri og einni undirkjörstjórn sé falið þetta hlutverk.

Með þessu móti getur yfirkjörstjórn, í viðurvist umboðsmanna framboðslista, yfirlit umrædd atkvæðisbréf og tekið afstöðu til þess hvort taka skuli þau til greina eða ekki. Jafnframt gefst þá umboðsmönnum kostur á að bóka um athugasemdir, kjósi þeir svo.

Virðingarfyllt,

f.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður



Erla S. Árnadóttir, oddviti

- Hjalagt: blaðsíða 65 úr fundargerðarbók yfirkjörstórnar, leiðrétt fundargerð

það sé auðkennt en umboðsmaður Pírata gerir ágreining og telur að meta eigi atkvæðið gilt og greitt D-lista.

- **Ágreiningsatkvæði nr. 3 – 6** eiga það öll sameiginlegt að ferningur hefur verið skyggður. Yfirkjörstjórn, til samræmis við fordæmi kjörbréfanefndar Alþingis, metur þessi atkvæði auð og sem slík ógild. Umboðsmenn, B-lista, D-lista, J-lista, P-lista, S-lista, og V-lista gera sameiginlega ágreining um þessi atkvæði og telja að hvert og eitt þeirra eigi að meta gilt og greitt þeim lista þar sem ferningur hefur verið skyggður.
- **Ágreiningsatkvæði nr. 7** er utankjörfundaratkvæði skrifað eigin hendi. Yfirkjörstjórn úrskurðar að það sé greitt D-lista, en umboðsmaður J-lista gerir ágreining og telur að atkvæðið beri að meta ógilt þar sem vilji kjósenda sé óviss.

46. Kl. 03:00 les oddviti upp aðrar tölur sem skiptast svofellt:

B-listi Framsóknarflokksins	3.461
C-listi Viðreisnar	2.081
D-listi Sjálfstæðisflokksins	5.482
F-listi Flokks fólksins	2.050
J-listi Sósíalístaflokks Íslands	1.470
M-listi Miðflokksins	920
O-lista Frjálslynda lýðræðisflokksins	114
P-listi Pírata	3.497
S-listi Samfylkingarinnar	3.367
V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs	4.403
Y-listi Ábyrgðar framtíðar	132
Auðir	389
Ógildir	67
Samtals	27.433

47. Kl. 03:15 er úrskurðað um atkvæðasendingar utan kjörfundar og eru ~~15~~ ⁴² atkvæðasendingar teknar til greina en ~~42~~ ¹⁵ atkvæðasendingar eru ekki teknar til greina.

48. Kl. 04:37 liggja fyrir lokatölur þegar talin hafa verið öll greidd atkvæði sem skiptast svofellt:

B-listi Framsóknarflokksins	4.329
C-listi Viðreisnar	2.706
D-listi Sjálfstæðisflokksins	7.353
F-listi Flokks fólksins	2.694
J-listi Sósíalístaflokks Íslands	1.976
M-listi Miðflokksins	1.234
O-lista Frjálslynda lýðræðisflokksins	150
P-listi Pírata	4.508
S-listi Samfylkingarinnar	4.427
V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs	5.597
Y-listi Ábyrgðar framtíðar	144
Auðir	483
Ógildir	127
Samtals	35.728